



SENDIRÁÐ ÍSLANDS

OSLO 7. marz 1967.

Db.

Góði vinur,

Ég sendi þér hér með samrit af bréfi mínu til utanríkisráðherra um landhelgismálið. Þar sem hér er um þýðingarmikið atriði að ræða, sá ég mér ekki fært að Jón, Davíð og ég ættum að taka ákvörðun í því. Aðalatriðið er stjórnmalalegs eðlis.

Með bestu kveðjum,

*Þinn eintögun*

*Stans*

Forsætisráðherra  
Bjarni Benediktsson,  
R e y k j a v í k .  
-----



7. marz 1967.

Góði vinur,

Ég tel nauðsynlegt að skýra þér frá eftirfarandi, án þess að skrifa um það formlegt bréf.

Þegar ég var heima í janúar vorum við sammála um, að rétt væri að senda Sameinuðu Þjóðunum bækling um landhelgismálið í framhaldi af þeim fáu orðum, sem mér tókst að koma að í allsherjarþinginu. Hafði ég í samráði við þig samvinnu við Jón Jónsson og Davíð Ólafsson um að undirbúa slíkan bækling. Varð það að samkomulagi við þá, að við skiptum með okkur verkum, þannig, að ég mundi skrifa inngangsorð, kafla um viðhorf á sviði alþjóðalaga og heildarniðurstöður, en Jón um ástand fiskistofnanna með tilliti til þegar tekinna verndarráðstafana og Davíð um þýðingu fiskveiða í þjóðarbúskap Íslendinga. Var við það miðað, að við skyldum vinna hver að sínum þætti og skila uppkasti fyrir febrúarlok. Síðan skyldum við hittast og samræma endanlegan texta í samráði við þig.

Ég skilaði mínu uppkasti 24. febrúar og fylgir það með. Aðalvandamálið fyrir mig var að ákveða - eða réttara sagt að gera tillögu um - hvort væri betra að taka unninn sigur sem grundvöll og skrifa um nauðsyn frekari aðgerða, eða rekja alla söguna í stórum dráttum. Efnislega má segja, að það liggi í augum uppi, að hið síðara sé hið rétta, þegar hugsað er um sérfræðinganefnd S.Þ. En ef hugsað er um viðbrögð gagnrýnenda á Íslandi, þá má ekki gleyma þeim möguleika, að þeir myndu telja, að þarna hefði verið sleppt gullvægu tækifæri til að skýra málið í heild á alþjóðavettvangi og þá ekki sízt að lýsa þeirri haráttu, sem háð var og Íslendingar unnu - svo langt sem sá sigur náði. Eftir mikla umhugsun komst ég að þeirri niðurstöðu, að rétt væri að rekja málið í

Hr. utanríkisráðherra  
Emil Jónsson,  
R e y k j a v í k .  
-----



Sendiráð Íslands

Oslo

heild, en þó ekki svo ítarlega, að enginn mundi nenna að lesa það. Út frá því sjónarmiði verður að meta mín frumdrög.

Við tölum einnig um, að nauðsynlegt væri að flýta þessu máli, þannig að ljóst væri, að unnið væri að undirbúningi framkvæmda í samræmi við yfirlýstan vilja Alþingis. Var þá um það rétt okkar í milli, að hagkvæmt mundi vera, að bæklingurinn yrði prentaður og honum dreift í apríl eða maí. Einnig var um það rétt, að rétt væri að nota næsta fund North-East Atlantic Fisheries Commission í París í maí til að setja fram tillögu um verndun fiskistofna með alþjóðasamvinnu á svæði, sem nær langt út fyrir landgrunn Íslands, til þess að sannprófa samvinnuvilja annarra þjóða.

Er nú komið að aðalefni þessa bréfs, en það er spurningin um sambandið milli þessa tvenns. Mitt álit er, að það skipti höfuðmáli að koma fyrirhuguðum bæklingi til S.Þ. sem fyrst, þannig að ljóst liggi fyrir, að verið sé að vinna í málinu. Hvort það geti spillt fyrir í Fisheries Commission, tel ég fyrir mitt leyti aukaatriði. Mætti jafnvel segja, að bæklingurinn gæti stuðlað að því, að hinir vildu kaupa sér frið. Og einnig finnst mér fyrir mitt leyti, að tillögurnar til Fisheries Commission - án bæklingisins - gætu gert mikið tjón, þannig að út úr því yrði snúið og sagt, að nú væri alveg verið að ganga í berhöggi við yfirlýstan vilja Alþingis um rétt Íslands til landgrunnisins og verið væri að "semja af sér" við útlendinga. Um allt þetta má sjálfsagt deila endalaust.

Ég tel það skyldu mína að senda hér með ljósrít af bréfi Davíðs Ólafssonar, fiskimálastjóra, þar sem hann rökstyður sjónarmið, sem eru gagnstæð því, sem ég tel rétt að öllu athuguðu. Mér finnst að vísu, að röksemdir Davíðs, sem Jón Jónsson virðist vera samþykkur, hafi mikið gildi, ef litið er á málið fyrst og fremst frá sjónarmiðið alþjóðasamvinnu. En ef tekið er tillit til skoðana almennings á Íslandi, sem vissulega ber að gera, þá breytist heildarmyndin. Þess vegna er það enn mitt álit, að rétt sé að koma þessum bæklingi út í apríl eða byrjun maí. Sjálfsagt



verður að honum fundið eins og öllu, sem gert er, en ég tel fyrir mitt leyti, að hitt mundi vera enn verra að nota ekki þetta tækifæri.

Allt er þetta matsatriði. Þess vegna sendi ég þér nú þessar línur, sem ég vildi biðja þig um að ræða við forsætisráðherra, þannig að þið getið í sameiningu ákveðið, hvað rétt sé að gera í málinu.

Ég hefi leyft mér að senda forsætisráðherra, Davíð og Jóni samrit bréfsins sem trúnaðarmál.

Með bestu kveðjum,

þinn einlægur,

H. G. Andersen

SAMRIT  
KOPI



REPUBLIC OF ICELAND  
FEDERATION OF FISHERIES ASSOCIATIONS OF ICELAND

REYKJAVÍK ICELAND

TELAVANNA HESKUPHLAGIÐ

REYKJAVÍK, 2. MARS 1967.

REF NO. L/2/DO/11.

REF ID:

Góði vinur,

Ég þakka bréf þitt og uppkastið að kaffa þínum í greinargerð fyrir Secretary General S.D., sem ég er búinn að lesa. Í gar fékk ég einnig frumdrög að kaffa Jóns, sem þó var ekki fullbúinn. Sjálfur hefi ég gert frumdrög að mínum kaffa en skortir enn nokkur gögn til að ljúka honum, þó hann verði hvorki langur né merkilegur.

Síðan við ræddum saman í janúar hefi ég velt þessum málum mikið fyrir mér og á ég þá bæði við tillögur okkar til NEAFC í vor og aðgerðirnar innan S.D. Hefi ég komist að niðurstöðu, sem mér þykir rétt að skýra þér frá.

Þessi tvö mál eru nítengd og verður að líta á þau út frá því sjónarmiði.

Hér er um taktískar hugleiðingar að ræða en ekki efnislegar. Við erum þarna að vinna á tveimur vígstöðvum og verðum að hafa það í huga þegar við leggjum okkar áætlanir.

Ég tel, að memo eins og stlað er að senda til S.D. mundi geta vakið óþarfa trútryggni innan NEAFC ef það kemur fram einmitt á sama tíma og við leggjum fram okkar tillögur þar og gæti því trufalað okkar aðgerðir þar. Verðum við að gæta þess vel að forðast slíkt.


Það er því álit mitt, að við eigum að bíða með að taka ákvörðun um memorandum til S.D. þar til eftir fundinn í NEAFC, enda verðum við þá í betri aðstöðu til að meta hvernig heppilegast væri að hafa slíkt memo.

Ég fæ heldur ekki séð, að það geri neitt til þó memo yrði sent nokkru seinna en upphaflega var hugsað. Nefnd S.D. hefir enn ekki verið sett á laggirnar og það dregst því, að hún komi saman. Sú spurning vaknar einnig hvort ekki væri heppi- legra að sjá hvernig nefndin fer af stað á fyrsta fundi sínum áður en ákvörðun verður tekin um hvernig memo skuli vera.

Þetta eru mínar hugleiðingar, sem hafa verið að fæst síðan við sáumst síðast og þótti mér rétt að skýra þér frá þeim nú. Eg sagði J.J. frá þessu í dag og jafniramt, að ég mundi skrifa þér um það. Var hann í meginatriðum sammála mér.

Eg fer til London n.k. laugardag á "Policing" fundinn og verð væntanlega í tvær vikur. Síðan verð ég heima þar til seint í apríl. Þótti mér vant um að heyra frá þér um þín viðbrögð við þessum hugleiðingum mínum og eins hvenær þú hugsar þér að koma hingað.

Með bestu kveðjum,



Davíð Ólafsson

Hr.ambassador  
Hans G.Andersen  
O s l o